

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/42

frá 11. mars 2004

um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 714)

(2004/249/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003⁽¹⁾ um raf- og rafeindabúnaðarúrgang, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2002/96/EB ber aðildarríkjunum að senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar.
- 2) Skýrslan skal fjalla ítarlega bæði um upptöku tilskipunarinnar í landslög og framkvæmd hennar. Hún skal samin á grundvelli spurningalistans í þessari ákvörðun.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE⁽²⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu semja skýrslur sínar um framkvæmd tilskipunar 2002/96/EB á grundvelli spurningalistans í viðaukanum.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 78, 16.3.2004, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2004, 24. september 2004 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 10.3.2005, bls. 54.

(¹) Stjtið. EB L 37, 13. 2. 2003, bls. 24. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/118/EB (Stjtið. ESB L 345, 31. 12. 2003, bls. 106).

(²) Stjtið. EB L 377, 23. 12. 1991., bls. 48. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1882/2003/EB (Stjtið. ESB L 284, 31. 10. 2003, bls. 1).

VIÐAUKI

SPURNINGALISTI

fyrir skýrslu aðildarríkjanna um lögleiðingu og framkvæmd tilskipunar 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang

Ekki er þörf á að endurtaka upplýsingar, sem þegar hafa verið látnar í té, en koma skal fram hvar og hvenær upplýsingarnar voru veittar.

1. UPPTAKA Í LANDSLÖG

1.1. Hafa framkvæmdastjórninni borist innlend lög og reglugerðir sem hafa verið sett í því augnamiði að fella tilskipunina inn í landslög? (Já/Nei)

1.1.1. Ef svarið við lið 1.1 er „já“, gefðu nánari upplýsingar.

1.1.2. Ef svarið við lið 1.1 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.

1.2. Hefur aðildarríki tekið upp ákvæði, sem tilgreint er í 3. mgr. 17. gr., um lögleiðingu með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um ræðir? (Já/Nei)

1.2.1. Ef svarið við lið 1.2 er „já“, gefðu nánari upplýsingar.

2. FRAMKVÆMD TILSKIPUNARINNAR

Gögnin um sérstaka söfnun, endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu skulu tilgreind sérstaklega á eyðublaði sem mælt er fyrir um í samræmi við 1. mgr. 12. gr.

2.1. Hafa ráðstafanir um hönnun vöru verið gerðar samkvæmt 4. gr.? (Já/Nei)

2.1.1. Ef svarið við lið 2.1 er „já“, gefðu upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Þær skulu fela í sér ráðstafanir þannig að framleiðendur komi ekki í veg fyrir að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur (WEEE) sé endurnotaður.

2.1.2. Ef svarið við lið 2.1 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.

2.1.3. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af þessari grein.

2.2. Hefur verið komið á kerfum, sem gerir eigendum og dreifingaraðilum kleift að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, a.m.k. án þess að greiða fyrir það í samræmi við 5. gr. tilskipunarinnar? (Já/Nei)

2.2.1. Ef svarið við lið 2.2 er „já“, gefðu nánari upplýsingar. Þar skal eftirfarandi koma fram:

— almenn lýsing á þessum kerfum,

— hvernig ókeypis skilum á skiptigrundvelli (einn fyrir einn) til dreifingaraðila er háttáð eða hvort öðrum ákvæðum í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. hefur verið komið á og hver þau eru.

— hvort framleiðendur hafa sett upp og starfræki, hver í sínu lagi og/eða sameiginlega, skilakerfi fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum,

— hvort sérstakar ráðstafanir varðandi mengaðan raf- og rafeindabúnaðarúrgang og raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem inniheldur ekki helstu ihluti hafa verið gerðar, og hverjar þær eru,

— auk þess er óskað eftir upplýsingum um söfnunarkerfi fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem ekki er upprunninn frá heimilum.

2.2.2. Ef svarið við lið 2.2 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.

2.2.3. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af framkvæmd ákvæðanna í þessari grein.

- 2.3. Hafa nauðsynlegar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja umhverfissvæna meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skv. 6. gr. ?
- 2.3.1. Ef svarið við lið 2.3 er „já“, gefðu nánari upplýsingar. Þar skal eftirfarandi koma fram:
- almenn lýsing á þeim meðhöndlunarkerfum sem vöi er á í aðildarríkinu,
 - ef kröfur um meðhöndlun eða lágmarksgæðastaðlar fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í aðildarríkjunum eru aðrar eða ganga lengra en í II. viðauka við tilskipunina, lýsing á þessum kröfum eða stöðlum,
 - ef undanþágan frá kröfunni um leyfi, sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 75/442/EBE ⁽¹⁾ á við um endurnýtingaraðgerðir varðandi raf- og rafeindabúnaðarúrgang, lýsing á því með hvaða skilmálum þessum undanþágum er beitt og hvernig skoðun fer fram skv. 2. lið 6. gr. tilskipunar 2002/96/EB,
 - ef kröfurnar um geymslu og meðhöndlunarsvæði eru aðrar en í III. viðauka, lýsing á þeim,
 - stutt lýsing á reglum, verklagi og eftirliti, sem á við um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem er fluttur út úr Bandalaginu, og taka ber mið af við að uppfylla skuldbindingar og markmið 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar með tilliti til 5. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.
- 2.3.2. Ef svarið við lið 2.3 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.
- 2.3.3. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af framkvæmd ákvæða í þessari grein.
- 2.4. Hafa nauðsynlegar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja umhverfissvæna endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, skv. 7.gr. tilskipunarinnar?
- 2.4.1. Ef svarið við lið 2.4 er „já“, gefðu almenna lýsingu á innlendum ráðstöfunum sem stuðla að því að markmiðum um endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu séð náð.
- 2.4.2. Ef svarið við lið 2.4 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.
- 2.4.3. Tilgreindu aðgerðir sem gripið er til að því er varðar 5. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.
- 2.4.4. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af framkvæmd ákvæða í þessari grein.
- 2.5. Hafa nauðsynlegar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja fjármögnun að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í samræmi við 8. og 9. gr. tilskipunarinnar?
- 2.5.1. Ef svarið við lið 2.5 er „já“, gefðu nánari upplýsingar. Þar skal eftirfarandi koma fram:
- almennt yfirlit yfir fyrirkomulag fjármögnunar í aðildarríkinu og helstu áætlanir um að hrinda í framkvæmd fjármögnunarkröfum,
 - upplýsingar um hugsanlega notkun sýnilegs gjalds fyrir gamlan úrgang frá heimilum,
 - upplýsingar um sérstakt fyrirkomulag fyrir framleiðendur, sem bjóða fram raf- eða rafeindabúnað með fjarsamskiptamiðlum, sé um slíkt fyrirkomulag að ræða.
- 2.5.2. Ef svarið við lið 2.5 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.
- 2.5.3. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af framkvæmd ákvæða í þessari grein.
- 2.6. Hafa nauðsynlegar ráðstafanir verið gerðar til að upplýsa notendur raf- og rafeindabúnaðar (EEE) og hvetja þá til þátttöku í stjórnunarkerfi raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í samræmi við 10. gr. tilskipunarinnar?
- 2.6.1. Ef svarið við lið 2.6 er „já“, gefðu nánari upplýsingar.
- 2.6.2. Ef svarið við lið 2.6 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.
- 2.6.3. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af framkvæmd ákvæða í þessari grein.

(¹) Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.

-
- 2.7. Hafa nauðsynlegar ráðstafanir verið gerðar til að upplýsa meðhöndlunarstöðvar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, í samræmi við 11. gr. tilskipunarinnar?
 - 2.7.1. Ef svarið við lið 2.7 er „já“, legðu fram nánari upplýsingar, einkum að því er varðar tegund veittra upplýsinga og þeirra miðla sem eru notaðir til þess að veita þær.
 - 2.7.2. Ef svarið við lið 2.7 er „nei“, greindu frá ástæðum þess.
 - 2.7.3. Legðu mat á jákvæða og neikvæða reynslu af framkvæmd ákvæða í þessari grein.
 - 2.8. Legðu fram upplýsingar um skoðunar- og vöktunarkerfin sem notuð eru í aðildarríkjunum til að sannprófa rétta framkvæmd þessarar tilskipunar.
-